

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. október 2016
UST201609-079/S.A.J.
08.12.00

Efni: Tillaga að matsáætlun- Fiskeldi Austfjarða hf. í Mjóafirði og Norðfjarðarflóa

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. september 2016 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun Fiskeldis Austfjarða hf. vegna sjókvíaeldis í Mjóafirði og Norðfjarðarflóa sk. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin sem um ræðir er framleiðsla á 10.000 tonnum á ári af laxi í Mjóafirði og Norðfjarðarflóa. Gerð er grein fyrir rekstrarlegum forsendum eldisins.

Þrátt fyrir að gefið sé nokkuð gagnlegt yfirlit í tillögunni eru nokkur atriði sem Umhverfisstofnun vill benda á að þarfnist ítarlegrar umfjöllunar í frummatsskýrslu.

1. Dýpi og endurnýjun sjávar.

Í 2. kafla um framkvæmda og áhrifasvæði segir um Norðfjarðarflóa:

Dýpt hans er frá 45 metrum í botni og um 100 metrar í minni á móti úthafi. Engin neðansjávarhryggir þvera fjörðinn. Fjörðurinn telst þannig mjög opinn fjörður, með mikil sjóskipti.

Um Mjóafjörð segir:

Í miðju fjarðarins er dýpið víðast um 50-90 m, allt inn undir fjarðarbotn. Breidd fjarðarminnis móti úthafinu er um 5 km og utan fjarðarminnis er 100 m dýpi. Engin neðansjávarhryggir þvera fjörðinn. Hann telst því opinn fjörður, með mikil vatnsskipti.

Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að ekki er hægt að fullyrða um endurnýjunartíma sjávar án nákvæmra mælinga enda segir í kafla 2.3.2 um hafstrauma:

Lítið sem ekkert er til af opinberum gögnum um strauma í þessum tveimur fjörðum. Hér er því talsvert verk sem þarf að vinna.

Fram kemur í kafla 4.1.1 um rannsóknir að til standi að gera rannsóknir á hafstraumum og endurnýjunartíma sjávar í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að mikilvægt sé að niðurstöður úr þessum rannsóknum liggi fyrir í frummatsskýrslu ásamt ítarlegum dýptarmælingum í firðinum.

7. Fyrirhuguð vöktun

Umhverfisstofnun telur að leggja ætti fram drög að vöktunaráætlun eins snemma í matsferli og kostur er. Þar sem fleiri aðilar stunda fiskeldi í Mjóafirði telur stofnunin að samræma ætti vöktun þeirra fyrirtækja sem menga í sama viðtaka, þannig að vöktun verði samstillt á þann hátt að sem gleggstar upplýsingar fáiast um heildaráhrif fiskeldis á viðtakann. Í frummatsskýrslu ættu því að liggja fyrir upplýsingar um það hvaða þætti fyrirtækið áætli að vakta, hvar og hvernig. Koma þarf fram staðsetning sýnatökusvæða. Gera þarf m.a. grein fyrir aðferðafræði sýnatökunnar og lýsa því hvernig staðið verður að töku botnsýna og sjósýnatökum. Sýnatökur ættu einnig að vera tímasettar eftir eldissvæðum. Umhverfisstofnun mun gera kröfur um að botninn undir eldiskvíunum verði vaktaður reglulega m.a. með myndavélum.


8. Slátrun


Í kafla 3.3 um tilhögun flutninga kemur fram að slátra á eldisfiskinum um borð í sérstöku sláturskipi þar sem fiskurinn verði blóðgaður og kældur. Til að fyrirbyggja hugsanlegar smitleiðir verði því gætt að því að ekkert ómeðhöndlað blóðvatn fari í sjóinn. Umhverfisstofnun óskar eftir að frekari upplýsingar um hvað verði að lokum um blóðvatnið og/eða í hverju möguleg meðhöndlun á blóðvatni felist.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fjallað sé um slátrun eldisfisksins í frummatsskýrslu. Í því sambandi skiptir litlu máli þó að slátrunin verði hugsanlega ekki með sama starfsleyfi og fiskeldið. Óhjákvæmilegt er að eldisfiski verði slátrað sem gæti haft í för með sér umhverfisáhrif og því ætti að fjalla um þau áhrif einnig í frummatsskýrslu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
teymisstjóri


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur